

16. Framsal.
- 16.1 Ef til þess kemur að heimasmiðað loftfar gengur kaupum og sölum, meðan það er í smíðum, skal leggja inn nýja umsókn um leyfti til heimasmiði, samkvæmt 5. gr., og með henni skal fylgja fullkomin greinargerð um hversu langt smíðin er komin.
17. Skirteiniskröfur fyrir flugmenn.
- 17.1 Flugmaður heimasmiðaðs loftfars skal hafa í minnsta lagi gilt einkaflugmannsskirteini sem nær yfir þá gerð og þann flokk sem loftfarið telst til.
18. Refsingar.
- 18.1 Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir.
19. Gildistaka.
- 19.1 Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264,
31. desember 1971 með síðari breytingum.

1. gr.

§ 203 a) 1. málsg. orðist svo:

a) Í lágspennuvirkjum og tækjum þar sem spenna til jarðar er hærrí en 50 V er skylt, að gera einhverja þá varnarráðstöfun, sem um getur í §§ 204—211, sjá þó lið b).

— 2. málsg. óbreytt.

2. gr.

§ 203 b) 1. málsg. 1. liður verði svohljóðandi:

1. Í virkjun með allt að 50 V spennu til jarðar, nema þar sem skylt er að nota varnarsmáspennu eða gera aðrar jafntryggar ráðstafanir.

— Smáletursgrein verður óbreytt.

3. gr.

§ 208 a) verði svohljóðandi:

a) Jarðskautsviðnám (R_h) hlífðarjarðtengingar má ekki vera meira en:

$$R_h = \frac{50 \text{ V}}{I_r}, \text{ þar sem}$$

50V=hæsta leyfileg snertispenna

$I_r = I_n \cdot k =$ rofstraumur hlutaðeigandi

greinivars, sbr. töflu 207—2

— Smáletursgrein verður óbreytt.

4. gr.

§ 209 e) verði þannig:

e) Heildarviðnám varnarleiðiskerfisins til jarðar má ekki vera hærra en 20 Ω. Sé ekki unnt að ná þessu viðnámi með viðbótarjarðskautum, verður að vaka yfir spennu varnarleiðisins til jarðar, með liðum sem rjúfa kerfið án tafar, ef spennan fer yfir 50 V.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1979, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. apríl 1982.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl.
nr. 137 26. júlí 1971.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim eigi síðar en kl. 18.00. Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 8.00 til 12.00.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Auk þess sem að framan greinir er verslunum heimilt að hafa opið á eftirtöldum tímum:

Allt að 8 stundir á mánudegi til föstudags kl. 18.00–22.00 á tímabilinu 1. september–31. maí. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 2 í hverri viku. Allt að 4 stundir á mánudegi til föstudags kl. 18.00–22.00 á tímabilinu 1. júní–31. ágúst. Verslanir mega þó ekki nýta þessa heimild á fleiri dögum en 1 í hverri viku.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Endurprentað blað.